

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. maí 2023
Málsnúmer: 202302-0018
SS

Efni: Umsögn um tillögu á friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 9. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um auglýsta tillögu að friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ sem fólkvang.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Almennt er því fagnað að stefnt sé að friðlýsingu þess hluta Urriðakotshrauns sem hér um ræðir enda hraunið með hátt verndargildi. Auk þess að teljast til nútímaeldhrauns þykir það formfagurt með margs konar hraunmyndunum. Gróðurfar hraunsins er einnig fjölbreytt. Svæðið hefur mikið útivistar- og upplifunargildi fyrir Garðabæinga sem aðra sem heimsækja svæðið og er í góðum tengslum við önnur mikilvæg náttúru- og útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu.

Náttúrufræðistofnun telur að mikilvægustu markmið friðlýsingarinnar séu verndun jarð- og hraunmyndana og náttúrulegs gróðurfars svæðisins. Það skýtur því nokkuð skökku við að heimila uppbyggingu golfteiga inni í fólkvanginum sbr. 9. grein auglýsingarinnar. Sú uppbygging mun valda töluverðu raski einkum á gróðri en einnig á hraunmyndunum að hluta. Náttúrufræðistofnun hefur bent á þetta ítrekað í umsögnum sínum til Garðabæjar um skipulagsáætlanir og -breytingar þessu tengt, nú síðast við auglýstar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu sem eru að ljúka auglýsingartíma hjá skipulagsstjóra Garðabæjar. Segja má að þessi heimild stangist á við almenn markmið 7. greinar um vernd jarðmyndana og gróðurs þar sem fram kemur að óheimilt sé að raska eða skemma jarð- og hraunmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Í ljósi þess að áform um þessa uppbyggingu virðast staðfest vill Náttúrufræðistofnun leggja áherslu á að afar mikilvægt sé að staðið sé vel að hönnun og framkvæmd við uppbyggingu golfteiga sem og annarra innviða (s.s. göngustíga) innan fólkvangsins þannig að raski sé haldið í lágmarki og að ásýnd og yfirbragð falli vel að náttúruleg umhverfi hraunsins.

Áframhaldandi skógrækt er einnig heimiluð innan afmarkaðs svæðis. Jákvætt er að fram komi í 11. grein auglýsingar að tryggja verði að skógrækt berist ekki út fyrir mörk afmarkaða svæðisins. Fylgjast þarf vel með sjálfsáningu framandi trjátegunda inn í fólkvanginn og bregðast við til að vernda náttúrulegt gróðurfar. Einnig þarf að sporna gegn útbreiðslu annarra framandi tegunda, sérstaklega þeirra sem teljast ágengar eins og alaskalúpínu.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

